



264. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 16. desember 2010 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Hjörleifur K. Hjörleifsson varamaður, HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 468 dags. 09.12.2010. Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags og byggingarnefndar, dags. 06.12.2010 (134. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Bókhlöðustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.

Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur leyfi til að rifa húsið við Bókhlöðustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 15.11. og 1.12.2010.

Nefndin leggur til að port verði lækkað um 30 sm og mænishæð hækkuð um 30 sm og að gólfkóti hússins verði 24,60 m. Æskilegt væri að fækka gluggum á neðri hæð, á norðvestur gafli hússins.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 deiliskipulagið Stykkishólmur Borg, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Borgar dags. 22.02.2007. Tillagan felst í að fella út íbúðarhúsalóð B á skipulaginu (Skúlagötu 23), og í staðinn verði svæðið grænt svæði, sbr. tillögu dags. 30.11. 2010. Erindi að fella lóð nr. 23 út af skipulagi var vísað af bæjarráðfundi til skipulags- og bygginganefndar.

Nefndin leggur til að lóðin að Skúlagötu 23 verði ekki tekin út af skipulagi að svo stöddu máli, en jafnframt verði á næstu mánuðum unnar myndir frá ýmsum sjónarhornum, þar sem hús verður teiknað inná lóðina þannig að hægt verði að meta hvaða áhrif hús á þessum stað, með tilliti til svæðisins og sjónarhorna.



Svæðið er einstakt og því teljum við rétt að standa faglega að málum og meta áhrifin á þennan máta.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Berglind situr hjá undir þessum lið.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Berglind situr hjá undir þessum lið.

Til máls tóku: GDP og LÁH

Undirrituð fagna niðurstöðu skipulags- og bygginganefndar að lóðin að Skúlagötu 23 verði ekki tekin af skipulagi að svo stöddu. Vek athygli á að nefndin hefur áður fjallað faglega um umrætt deiliskipulag þegar ákvörðun var tekin um að mæla með byggingalóð á þessum stað. Endurtekning á því ætti að vera óþörf og verður eingöngu til þess að kasta málinu á dreif.

Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Liður 3 Lágholt 11. Breyta heimagistingu /íbúðarhúsi í gistiskála/atvinnuhúsnæði.
Egill Egilsson sækir um f.h. Gagnleysu ehf að breyta heimagistinu í gistiskála og fjölga bílastæðum á lóð, sbr. umsókn dags. 30.11.2010.
Nefndin samþykkir að erindið verði grenndarkynnt fyrir Lágholti nr. 6,7,8,9,10,13 og nr.19a.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Egill sat hjá.

Liður 4 Borgarbraut 1, skyndibitastaður.
Egill Egilsson sækir um f.h. Gagnleysu ehf að starfrækja skyndibitastað í verslunarhúsnæðinu við Borgarbraut nr. 1, sbr. umsókn dags. 30.11. 2010.
Nefndin leggur til að erindið verði samþykkt af uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Egill sat hjá.

Liður 5 Aðalgata 8, niðurrif á skorsteini.
Sævar Harðarson/Skipavík ehf sækir um f.h. Farfuglaheimilisins Sjónarhóls ehf, að fjarlægja utanálíggjandi skorstein., sbr. tölvupósti dags. 22.11. 2010.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: DS,GDP og LÁH

Liður 6 Sundabakki 10A, hringstigi við svalir.

Ásgeir Gunnar Jónsson sækir um að setja hringstiga sunnan megin við svalir hússins að Sundabakka 10A, sbr. erindi og teikning dags. 2.12.2010.

Erindi samþykkt.

Ásgeir Gunnar vék af fundi við lið nr. 6.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 Frístundabyggð, deiliskipulag.

Bæjarráðsfulltrúar L listans leggja til að skipulagt verði svæði fyrir frístundahús, til almennrar úthlutunar, við Arnarborg norðaustan við það svæði sem Skipavík hefur til umráða. Tillögu vísað af bæjarráði til skipulags- og bygginganefndar. Nefndin tekur jákvætt í að svæðið verði skipulagt en bendir þó á að vegna legu landsins verða lóðir fáar og framkvæmdir kostnaðarsamar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur

Til máls tóku: GDP,ÍHS og LÁH

Undirrituð greiða atkvæði gegn því að skipulögð verði fleiri svæði fyrir frístundabyggð í landi Stykkishólms. Töluvert framboð slíkra lóða er í nágrannasveitarfélaginu Helgafellssveit sem anna ætti eftirspurn til almennrar úthlutunar.

Þess fyrir utan erum við sammála því sjónarmiði Skipulags- og bygginganefndar að tilkostnaður við umrætt skipulag verði of hár miðað við mögulegar tekjur.

Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Fundargerð samþykkt.

Liður 3 fundargerð umhverfisnefndar, dags 01.12.2010 (31. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 2 önnur mál.

- Þórunn sagði frá að bæjaryfirvöld hefðu kannað kostnað við nytjagám. Kostnaður ca. 180.000.- á ári. Nefndin hvetur til að þetta verði gert. Fyrir



utan sparnað einstaklinga gæti líka sparast flutningur í Fíflholt.

Bæjarráð samþykkir að koma upp nytjagámi til reynslu í eitt ár á svæði Snoppu. Bæjarstjóra falið að ræða við Íslenska Gámafélagið um framkvæmdina.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: LÁH

Fundargerð samþykkt.

Liður 5 fundargerð hafnarstjórnar dags. 18.11.2010 (62. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 2 gjaldskrá Stykkishólshafnar: Gjaldskrá samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 6 fundargerð skólanefndar,dags. 01.12.2010 (109. fundur)

Fundargerð framlögð

Liður 3b varðandi skólalóð og leiktæki.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindi til fjárhagsáætlunarvinnu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.

Liður 16 bréf Markaðsstofu Vesturlands,dags. 30.11.2010 varðandi styrkbeiðni.

Beðni um styrk frestað. Samþykkt að Daði Heiðar Sigurþórsson verði tengiliður við Markaðsstofu Vesturlands.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,LÁH,DS,ÍHS,EE og GS

Liður 17 bréf Landssambands sjúkra og slökkviliðsmanna, dags. 22.11.2010 varðandi styrkbeiðni.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 18 bréf Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur dags. 01.12.2010 varðandi ósk um styrk til Norska hússins.

Samþykkt að veita Norska húsinu styrk að upphæð kr. 400.000, vegna sumardagskrá samkvæmt fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,LÁH og BA

Liður 19 bréf Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur f.h. Norska hússins, dags. 01.12.2010 varðandi ósk um niðurfellingu fasteignagjalda.

Samþykkt að veita Norska húsinu styrk sem nemur fasteignagjöldum vegna Hafnargötu 5 og Reitaveg 3 fyrir árið 2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 20 bréf Sigurjóns Jónssonar, dags. 24.11.2010 varðandi fyrirspurn vegna úthlutunar lóða í Nýræktinni.

Bæjarstjóra falið að svara Sigurjóni Jónssyni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: DS,LÁH og GS

Liður 21 bréf Sýslumanns Snæfellinga,dags. 22.11.2010 varðandi umsögn um leyfi til skemmtanahalds í Íþróttahúsi bæjarins.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við leyfi til skemmtanahalds í Íþróttahúsi bæjarins.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 22 bréf hesteigendafélags Stykkishólms dags.19.11.2010 varðandi beiðni um samstarf.

Samþykkt að greiða losun á einum gám til reynslu í eitt ár. Bæjarstjóra falið að ræða við stjórn Hesteigendafélags Stykkishólms um samstarfsmál.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP og LÁH

Fagna ber beiðni stjórnar HEFST um nánara samstarf HEFST og Stykkishólmsbæjar. Erindið felur í sér að samstarfið sé formlegt og með langtímamarkmið í huga. Stykkishólmsbær þarf að vinna að málefnum HEFST í góðu og nánu samstarfi á sambærilegan máta og unnið hefur verið að málefnum t.d. Golfklúbbsins Mostra og Umf. Snæfells.



Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur K. Hjörleifsson

Liður 23 bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 17.11.2010 varðandi leyfi til Gagnleysu ehf til veitinga og greiðasölu.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við leyfi til Gagnleysu ehf. til veitinga og greiðasölu að Borgarbraut 1.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Egill sat hjá.

Til máls tók: GDP

Liður 24 bréf Sýslumanns Snæfellinga dags. 17.11.2010 varðandi leyfi til Gagnleysu ehf til sölu heimagistingar.

Erindi frestað og vísað í lið 3 í fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 6.12.2010.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Egill sat hjá.

Liður 25 bréf Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar, dags. 12.11.2010 varðandi aðstöðu fyrir mót í Stykkishólmi.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið. Bæjarstjóra falið að ræða við Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: ÍHS og LÁH

Liður 26 bréf Sjónarhóls, dags 08.11.2010 varðandi styrkumsókn.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 27 bréf Snorrasjóðs, dags. 08.11.2010 varðandi styrkbeiðni við Snorraverkefnið 2011.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 tillaga um aðstöðu fyrir geymslugáma.

Tillaga byggingafulltrúa og bæjarverkstjóra um staðsetningu samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 tillaga að hækkun gjaldskrár leikskóla,dags,07.12.2010.



Leikskólinn í Stykkishólmi

Tillaga að hækkun gjaldskrár 01.01.2011

	STH 01.01.2003		Tillaga 01.01.2011
Vistgjald	2.700	pr klst á mán	2.970
Morgunhressing	1.540	á mán.	1.694
Síðdegishressing	1.540	á mán.	1.694
Hádegismatur	3.410	á mán.	3.751
Vistgjald 4 st	4	10.800	11.880
Vistgjald 5 st	5	13.500	14.850
Vistgjald 6 st	6	16.200	17.820
Vistgjald 7 st	7	18.900	20.790
Vistgjald 8 st	8	21.600	23.760
Vistgjald 9 st	9	24.300	26.730
Systkinaafsl	25%,50%		
Einst for.	30%		35%

Skýring:

Gjaldskrá leikskóla hefur verið óbreytt frá 1.1.2003.

Tillaga: Hækka gjaldskrá um 10% mv. 1.1.2011

Tillaga: Hækka afslátt einst. foreldra úr 30% í 35%. Leiðir til 2% hækkunar f. þá.

**Tillaga
samþykkt.**

**Til máls tók: GS
Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**



Liður 32 tillaga um breytingu á gjaldskrá heilsdagsskóla,dags, 09.12.2010.
Tillaga um breytingu á gjaldskrá Heilsdagsskóla.

Heilsdagsskóli

	1.9.2006		
Vistunargjald	250	pr. klst.	
Hádegismatur fös	190		
Síðdegishressing			pr. dag
Gæsla til 14:30	2	250	500
<i>gæsla til 16:00</i>	3,5	250	875
<i>Heildargæsla ekki hærrí en 11.000</i>			
Systkinaafsláttur 25% 50% leisk/grunnsk			

Tillaga að þakið verði hækkað úr 11.000 í 13.500 frá
01.01.2011
Gjaldskrá verði að öðru leiti óbreytt.

**Tillaga samþykkt með áorðnum
breytingum.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GS og ÍHS

Liður 33 ályktun um St. Franciskuspítalann í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar beinir því til heilbrigðisráðherra að skilgreint verði hlutverk og meginmarkmið St. Franciskuspítala í Stykkishólmi innan HVE og á Snæfellsnesi og ekki síst á landsvísu.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar leggur ríka áherslu á mikilvægi háls- og bakdeildar sjúkrahússins en árangur af starfi deildarinnar hefur sannað mikilvægi sitt. Leggur bæjarstjórn einnig áherslu á þörf fyrir frekari uppbyggingu og eflingu deildarinnar þar sem húsnæðiskostur er til staðar og sóknarfæri liggja í aukinni þjónustu. Geta má þess að um 500 manns bíða eftir að komast að hjá greiningar- og meðferðateymi deildarinnar.

Eins og er starfar deildin ekki með fullum afköstum vegna banns við endurráðningum. Fyrirhugaður niðurskurður ársins 2011 kemur að vísu að takmörkuðu leyti niður á þessari starfsemi, en ef vel ætti að vera, þyrfti að bæta við bæði sjúkraþjálfurum og lækni til að hægt sé að nýta alla þá fjölmörgu sóknarmöguleika, sem starfsemin gefur fyrirheit um.

Bæjarstjórn styður það viðhorf fagfólks stofnunarinnar, sem fram kemur í bréfi til framkvæmdastjórnar HVE, dags.19.11.2010, að nauðsynlegt sé að hlutverk sjúkrahússins verði skilgreint nánar. Er þar sérstaklega litið til þeirrar hugmyndar, að spítalinn verði bráðasjúkrahús fyrir allt Snæfellsnes í



sjúkdómaflokkum, sem nánar verði skilgreindir. Með þessu myndi nýtast betur sú aðstaða og það hæfa starfsfólk,sem stofnunin ræður yfir,um leið og góð nærþjónusta til hagræðis fyrir íbúana yrði til staðar,auk þess sem létt yrði á álagi stærri sjúkrahúsanna.

Franciskusspítali á sér langa sögu - allt aftur til fjórða áratugs síðustu aldar.Starfsemin hefur einkennst af ströngum faglegum gæðakröfum og aðhaldi í fjármálum,enda mótaði Franciskusreglan þau viðhorf,sem stofnunin býr enn að,þótt reglan sjálf komi ekki lengur að rekstrinum.Það er þjóðinni í hag,að spítalinn sé vel nýttur og hugað vel að þeim miklu sóknarfærum,sem starfsemi hans gefur tilefni til.

Til máls tóku: BA,GS,GDP og LÁH

Liður 34 lóðaumsókn Hótel Stykkishólms ehf. á lóðunum Móholti 2 og 4.
Samþykkt að veita Hóтели Stykkishólms ehf. lóðirnar að Móholti 2 og 4.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og HKH

Liður 35 bréf Inga Þórs Steinþórssonar f.h. körfuknattleiksdeildar Snæfells , dags, 10.11.2010 varðandi: Umsókn um styrk til útgáfu DVD disks.
Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 350.000. Diskurinn hefur sögu-og markaðslegt gildi fyrir Stykkishólmsbæ.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð og Egill sátu hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: DS,EE og LÁH

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar dags. 06.12.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.2. Fundargerð Þjónustuhóps aldraðra, dags. 02.12.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð Umhverfisnefndar, dags. 01.12.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 24.11.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: DS,GDP,BA og LÁH

2.5. Fundargerð Hafnarstjórnar, dags. 18.11.2010.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.



2.6. Fundargerð skólanefndar, dags. 01.12.2010.
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

3. Önnur mál.

3.1. Atvinnumál í Stykkishólmi.

Efling atvinnu- og markaðsmála.

Leggjum til að atvinnumálanefnd ásamt bæjarstjóra verði falið að kanna möguleika á auknu samstarfi við Eflingu. Kannað verði t.d. hvort grundvöllur sé fyrir að ráða starfsmann tímabundið sem vinna mun að atvinnu- og markaðsmálum bæjarins auk þess að halda utanum þau verkefni sem Efling hefur haft umsjón með ofl. Starfsmaðurinn hæfi þegar í stað stefnumótunarvinnu í atvinnumálum fyrir Stykkishólm í anda tillögu Gretars D. Pálssonar frá 21.06.2010. Kannað verði með möguleika á tekjum til verkefnisins.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Egill Egilsson

Tillaga samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GDP,DS og LÁH

4. Fjármál

4.1. Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 - seinni umræða.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 var eins og áætlanir fyrri ára unnin í góðu samstarfi meirihluta og minnihluta bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Áætlunin var unnin við mjög sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu þar sem mikill samdráttur er í efnahagslífinu og óvissa er mikil. Stykkishólmsbær þarf eins og önnur sveitarfélög að taka tillit til þessa raunveruleika í áætlunum sínum fyrir árið 2011. Vitað er að tekjusamdráttur verður á árinu 2011. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að fylgjast gaumgæfilega með framvindu kostnaðar og vera með áætlunina í sífelldri endurskoðun ef þörf er á. Einnig er mjög mikilvægt að menn standi saman og vinni saman að því að verja þjónustu við íbúana í bænum. Við áætlanagerðina var gengið út frá því að bæjarfélagið bjóði íbúum upp á sömu þjónustu og áður. Bæjarstjórn þakkar forstöðumönnum stofnana og skólastjórnendum fyrir þeirra hlutdeild við að gæta aðhalds í rekstri og þar með gera það mögulegt að halda áfram óbreyttu þjónustustigi við íbúa Stykkishólms.

Helstu hækkunar á gjaldskrár Stykkishólmsbæjar sem ekki eru nú þegar bundnar breytingum á vísitölu neysluverðs er í fyrsta lagi 10% hækkun á leikskólagjöldum, og í örðu lagi hækkun um 8% á sorphirðugjaldi. Í þriðja lagi hækkar fasteignaskattur A á íbúðahúsnæði úr 0,43% í 0,45%. Í fjórða lagi hækkar álagning



holræsagjalds úr 0,22% í 0,24% af íbúðahúsnæði og úr 0,22% í 0,26% af atvinnuhúsnæði. Hækkun álagninga prósentu leiðir þó ekki til krónutöluhækkunar á fasteignagjöldum. Að lokum ákvað bæjarstjórn að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt, þ.e. 13,28%, en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011.

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar eru: Flotbryggja í Stykkishólshöfn, nýr krani við Stykkishólshöfn, nýtt öryggisbjöllukerfi á Dvalarheimili Stykkishólms, ný leiktæki við Grunnskólann og leikvelli og stígagerð.

Mikils aðhalds hefur verið gætt í rekstri Stykkishólmsbæjar á árinu 2010. Þakka má virku og góðu samstarfi allra sem að rekstri sveitarfélagsins koma. Þetta góða samstarf hefur skilað sér inn í fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011.

Áætlun ársins 2011 endurspeglar fjárhagsstöðu Stykkishólmsbæjar og tryggir íbúum sveitarfélagsins áframhaldandi góða þjónustu.

Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra og bæjarritara fyrir góða vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 eru þessar:

A-hluti:

Skatttekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar 559,3 m.kr., aðrar tekjur 147,5 m.kr. Tekjur samtals eru því kr. 704,0 m.kr. Rekstur málaflokka er áætlaður um 642,7 m.kr. Fjármagnsliðir eru 60,4 m.kr. Mismunur tekna og gjalda A-sjóðs sveitarfélagsins er því afgangur um 3,7 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 63,6 m.kr., fjárfestingar 40,0 m.kr., afborganir langtímalána 98,4 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 53,4 m.kr.

A og B hluti:

Tekjur eru áætlaðar 764,5 m.kr. en rekstrargjöld 677,3 m.kr. Fjármagnsliðir eru 86,2 m.kr. Tekjur umfram gjöld verða því um 1,0 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 87,1 m.kr., fjárfestingar 40,0 m.kr., afborganir langtímalána 125,9 m.kr., lántaka verður 40,0 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 53,4 m.kr.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011 samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GDP og LÁH

Bókun D-lista vegna fjárhagsáætlunar 2011.



Við fjárhagsáætlunargerð ársins 2011 blasti við að vegna verulegrar skerðingar ríkisins á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga muni tekjur Stykkishólmsbæjar dragast saman um allt að 40milljónir á milli ára. Þessu hefur þurft að mæta með auknu aðhaldi og niðurskurði í áætluðum rekstri Stykkishólmsbæjar á árinu 2011. Bæjarfulltrúar D-listans hafa lagt áherslu á að niðurskurðurinn bitni ekki á þjónustu við bæjarbúa eða gæðum hennar. Álögur hafa verið auknar, en verða að teljast ásættanlegar m.t.t. tekjuskerðingar. Það að auknar álögur skuli ekki vera meiri en raun ber vitni sýnir hversu vel Stykkishólmsbær er í stakk búinn til að mæta allt að 40milljóna króna tekjufalli.

Bæjarfulltrúar D-lista leggja áherslu á að ekki sé eingöngu horft til gjaldaliða, heldur sé einnig horft til tekjuliða. Verja og auka þarf þær tekjur sem atvinnulífið gefur, m.a. í formi útsvars starfsmanna, með verndun starfa og eflingu atvinnulífs. Bæjarfulltrúar D-lista benda á að til að átlaður niðurskurður á launaliðum um 6% á ársgrundvelli skili sér að fullu á árinu 2011 þá þarf niðurskurður að vera allt að 12-15% síðari hluta ársins þar sem ráðningarsamningar eru bundnir fyrri hluta árs. Í fjárfestingaáætlun 2011 er ekki gert ráð fyrir byggingu tónlistarskóla, né heldur í þriggja ára áætlun árunum 2012-2014. Við teljum það miður, en í bréfi Reynis Ragnarssonar endurskoðanda kemur fram, jafnframt viðvörðun um að farið skuli með gát, að Stykkishólmsbær getur staðið undir þeirri framkvæmd m.a. með skuldbreytingum en samt staðið væntanleg viðmið um skuldahlutfall strax á árinu 2014.

Gretar D. Pálsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Bókun frá L lista vegna nýbyggingar Tónlistarskóla og stækkunar Grunnskóla Stykkishólms.

Á fundi bæjarstjórnar 19.08.2010 var ákveðið að fá umsögn endurskoðanda Stykkishólmsbæjar, Reynis Ragnarssonar, um áhrif kostnaðaráætlunar vegna viðbyggingar Grunnskólans og nýbyggingar Tónlistarskólans.

Mat endurskoðandans er svohljóðandi:

„Það er álit undirritaðs að sé þess nokkur kostur eigi að fresta viðbyggingu við grunnskólann. Rökin fyrir þeirri frestun er að með því að slá framkvæmdinni á frest skapist betra tækifæri fyrir bæjarfélagið að greiða niður skuldir og lækka fjármagnskostnað. Eins og staðan er í dag þá hefur bæjarfélagið ekkert svigrúm til neinna framkvæmda nema að taka lán. Framlag frá rekstri til afborgana og fjárfestinga dugar ekki fyrir greiðslu afborganna af langtímalánum og bæjarfélagið skuldar þegar meira en viðmiðanir Sveitarstjórnaráðuneytisins segja til um. Þessi niðurstaða er miðuð við 300 milljóna framkvæmdakostnað og að gamli skólinn verði seldur fyrir 90 millj. króna.

Jafnvel þótt framkvæmdakostnaður verði minni, t.d. 200 millj. krónur og gamli skólinn seldist fyrir 90 millj. krónur þá myndi það ekki breyta því að framlag frá rekstri dygði ekki fyrir afborgunum af langtímalánum á árunum 2011-2014. Miðað við núverandi skuldastöðu og að framlag frá rekstri verði eins á árunum 2015-2018 þá skilar rekstur bæjarfélagsins ekki nægum afgangi fyrr en árið 2018. Þangað til



má því reikna með að nýjar fjárfestingar og hluta afborgana af langtímalánum verði að fjármagna með nýjum lántökum.“

Að ofangreindu má sjá að ekki er skynsamlegt að fara í framkvæmdir við nýbyggingu tónlistarskóla og viðbyggingu grunnskóla að svo stöddu og því ekki gert ráð fyrir fjármunum til skólabyggingar á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2011 og ekki heldur á þriggja ára áætlun.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson
Egill Egilsson

4.2. Drög að þriggja ára áætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árin 2012-2014 – fyrri umræða.

Samþykkt að vísa þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir 2012-2014 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:25
Þór Örn Jónsson**